

Fundur í minjaráði 6. júní 2019, Haldinn í Seiglu, miðstöð þekkingar og sköpunar á Laugum í Reykjadal.

Mættir eru: Sædís Gunnarsdóttir formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Sigurður Guðni Böðvarsson, Anita Elefsen, Guðmundur Ögmundsson, Halldóra Gunnarsdóttir og Unnsteinn Ingason sem ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 10.00

Sædís Gunnarsdóttir bauð fundarmenn velkomna.

Gengið var til dagskrár:

1. Kynning á starfi minjavarðar.
Sædís fór yfir helstu þætti í starfi minjarvarðar, m.a. aðkomu að húsafriðun, skipulagsmálum, útgáfu framkvæmdaleyfa, framkvæmdaefirlit, eftirlit með fornleifarannsóknum, friðlýstar fornleifar, samstarf með LHG, Hofstaðir og fl. Rætt um starf minjavarðar frá ýmsum hliðum.
2. Smáforrit varðandi skráningu minja. Sædís sagði frá gerð smáforrits varðandi skráningu minja sem hugsað er fyrir almenning til að skrá fornleifar á vettvangi. Leitað er að áhugasömum aðilum til að prófa appið í sumar. Aðeins fyrir android enn sem komið er.
3. Samstarf Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar. Sædís sagði frá fyrirhuguðu samstarfi um að landverðir gætu komið að vöktun friðlýstum minjum á þeirra starfssvæði þar sem vakta mætti sjávarrof, eftirlit með ástandi, fylgjast með gróðri, göngustígum o.s.frv. Fundarmenn lýstu ánægju á fyrirhuguðu samstarfi.
4. Unnsteinn gerði grein fyrir örnefnaverkefni Urðarbrunnis sem unnið er í samstarfi við Landmælingar Íslands og fleiri aðila og starfi hins þingeykska fornleifafélags og fornleifarannsóknum þess í héraði.
5. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.05